

**508. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 8. febrúar 2017
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II) formaður, Jón Örn Pálsson (JÖP) aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) varamaður og Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) varamaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Oddviti kannaði lögmaeti funarboðunar. Engar athugasemdir voru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur. Einnig óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist einn liður, fundargerð atvinnu-, og hafnarnefndar. var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Hafnarsamband Íslands: fundargerðir 2017 - 1702001

Funargerðin er til kynningar

2. Fundargerð: Fundur 101 9 des 2016 - 1701006

*Fundargerðin er lögð fram til kynningar, en jafnframt er sveitarstjóra falið að óska eftir skýringum á lið 4 í fundargerð.
samþykkt samhljóða*

3. Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 22 - 1701002F

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 22. fundar Byggingar-,skipulags og umhverfisnefndar frá 9 desember. Eitt mál var tekið fyrir.

3.1 1701020 - Norður-Botn II, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.

4. Fjallskilanefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar - 11 - 1604012F

Tekin er til afgreiðslu fundargerð 11. fundar Fjallskilanefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepp. Fundargerðin er í tveimur liðum.

Fundargerðin er staðfest.

Samþykkt samhljóða.

4.1 1612065 - Fjallskil: Fjallskil 2016.

4.2 1612066 - Fjallskil. Fjallskil 2017.

5. Atvinnu- og hafnarnefnd - 8 - 1701003F

Tekin er til afgreiðslu fundargerð Atvinnu og hafnarnefndar frá 31. janúar. Fundargerðin er í 7 líðum. Líður tvö í fundargerð er tekin til sérafgreiðslu. Fundargerðin er staðfest. Samþykkt samhljóða.

5.1 1701046 - Hafnarmál: Starfsemi fiskmarkaðar.

5.2 1701049 - hafnarmál: Tilboð í löndunarkrana.

Samþykkt að festa kaup á löndunarkrana, jafnframt er sveitarstjóra falið leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar. Hafnarnefnd leggi fram tillögu til sveitarstjórnar um staðsetningu löndunarkrana á hafnarsvæði. Samþykkt samhljóða.

5.3 1701047 - Hafnarmál: Fyrirspurn vegna lengingar á smábátabryggju.

5.4 1701041 - Umhverfismál:ábending vegna umgengi

5.5 1612069 - Pollurinn : Meistaraverkefni

5.6 1611071 - Umhverfismál: Ábending vegna umgengi í Norður Botni.

5.7 1701001 - Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa.

6. Seta í sveitastjórn: ósk um leyfi frá störfum - 1701028

Sveitarstjórn samþykkir erindið. Samþykkt samhljóða

7. Kattahald: umsókn um kattarleyfi fyrir Kara - 1612063

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um kattahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt. Samþykkt samhljóða .

8. Eldvarnir: Vinna við nýja reglugerð - 1701035

Sveitarstjóri kynnti drög að bréfi með athugasemdum vegna nýrrar reglugerðar um eldvarnir. Sveitarstjóra falið að senda umsögn.

Samþykkt samhljóða

9. Reglur Tálknafjarðarhrepps: Vegna sérstaks húsnæðisstuðning. - 1701029

*Sveitarstjórn samþykkir framlagðar reglur.
Samþykkt samhljóða,*

10. Fjallskil: Bókun bæjarráðs Vesturbyggðar af 792. fundi. - 1702008

Sveitarstjórn tekur undir bókun Fjallskilanevndar, lið 2, enda í samræmi við gildandi Fjallskilasamþykkt Ísafjarða-, og Barðarstrandasýslu. Jafnframt vill sveitarstjórn benda á gildandi erindisbréf Fjallskilanevndar. Erindisbréfið var lagt fram á fundi fjallskilanevndar þ.12.11.2014 er hlutverk Fjallskilanevndar skýrt, en þar kemur eftirfarandi fram í 4. gr.:

Nefndin skal reka fjallskilasjóð í samræmi 7. gr. fjallskilasamþykktar og annast uppgjör á vinnuframlögum fjáreiganda og annarra fjallskyldra aðila skv. 4 gr. fjallskilasamþykktar. Nefndin skal gera tillögu til hreppsnefndar/bæjarstjórnar um tilhögun á niðurjöfnun fjallskila fyrir ár hvert. Nefndin skal sjá um að fjallskil séu framkvæmd í samræmi við 5. gr. fjallskilasamþykktar.

*Sveitarstjórn getur ekki samþykkt tillögu Bæjarráðs Vesturbyggðar, þar sem hún er ekki í samræmi við 4. gr erindisbréfs fjallskilanevndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. og vísar því málinu til Fjallskilanevndar. Fjallskilanevnd skal skila tillögu um niðurjöfnun á fjallskilakostnaði fyrir árið 2016. Hvað varðar niðurjöfnun á kostnaði við fjallskil 2017 á er þess vænst að nefndin leggi fram tillögu til bæjar-, og sveitarstjórnar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
Samþykkt samhljóða.*

11. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1612054

*Sveitarstjóri fór yfir hin ýmsu mál sem eru á döfinni
Búið er að leigja báðar íbúðirnar í Bugatúni og er áformað að sýna aðra íbúðina fljótlega og verður það auglýst betur síðar.*

12. Íþróttamiðstöð - Reglubundin skoðun 18.09.2014 - 1701043

13. Hlutaþjálfari: 2017 - 1701048

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15.

Indriði Indriðason (II)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)

Ása Jónsdóttir (ÁJ)

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)
